

Mánudaginn 8. september 1980.

Nr. 116/1980. **Hulda Þorvaldsdóttir**

gegn

**Þórði Ragnarssyni.**

Kærumál. Skiptamál.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Helga Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 25. júní 1980, sem barst Hæstarétti 3. júlí s. á., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðinn 12. júní 1980. Krefst hún þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir skiptaráðandann í Reykjavík að taka bú málsaðilja til „opin-  
berrar skiptameðferðar og efnislegs úrskurðar um ágrein-  
ingsefni“. Þá krefst hún kærumálskostnaðar úr hendi varnar-  
aðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Úrskurður skiptaréttar í máli þessu sætir kæru samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Kærumálskostnaður falli niður.

### D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

**Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 12. júní 1980.**

#### I.

Með bréfi, dags. 16. maí 1980, fór Róbert Árni Hreiðarsson þess á leit við skiptaráðandann í Reykjavík, að bú umbjóðanda síns, Huldu Þorvaldsdóttur, og Þórðar Ragnarssonar, fyrrum sambýlis-

manns hennar, yrði tekið til opinberra skipta með vísan til 90. gr. laga nr. 3 frá 1878.

Kröfu sína um opinber skipti á búi málsaðilja styður lögmaðurinn þeim rökum, að þau hafi búið saman í óvígðri sambúð í u. þ. b. þrjú ár og á því tímabili hafi skapast með þeim greinileg fjárhagsleg samstaða, meðal annars hafi þau keypt í sameiningu neðri hæð hússins nr. 52 við Hæðargarð hér í borg. Jafnframt vísar hann til rskj. nr. 2, sem hefur að geyma samning, er þau Hulda Þorvaldsdóttir og Þórður Ragnarsson gerðu með sér hinn 28. nóvember 1979.

Í þinghaldi hinn 22. maí 1980 var framkominni skiptakröfu mótmælt af hálfu lögmanns Þórðar Ragnarssonar, þar sem tilgreint lagaákvæði ætti ekki við og aðrar heimildir brysti. Sáttatilaun reyndist árangurslaus, og krafðist sóknaraðili úrskurðar skiptaréttarins um, hvort taka bæri „búið“ til opinberra skipta.

## II.

Í 90. gr. skiptalaganna nr. 3 frá 1878 er fjallað um skipti á öðrum búum en dánarbúum. Ljóst er, að þar eru ekki tæmandi talin þau bú, sem taka má til opinberra skipta á grundvelli hennar, en samlagsbú eru nefnd sem dæmi. Talið hefur verið, að nefndri 90. gr. skiptalaganna verði beitt um skipti á búum formbundinna félaga, svo sem hlutafélaga, samvinnufélaga og félaga með ótakmarkaðri ábyrgð.

Lagaákvæði um óvígða sambúð eru fá í íslenskum rétti, og mikil óvissa ríkir um réttindi og skyldur fólks, sem velur sér það sambúðarform. Þegar litið er til þess, hversu eðlisólík óvígð sambúð er þeim félögum, sem 90. gr. skiptalaganna tekur ótvírætt til, verður ekki fallist á, að henni verði beitt um skipti vegna sambúðarslita málsaðilja.

### Úrskurðarorð:

Kröfu Róberts Árna Hreiðarssonar héraðsdómslögmanns um opinber skipti á eignum Huldu Þorvaldsdóttur og Þórðar Ragnarssonar er synjað.

---